

Fundargerð háskólaráðs

326. fundur 25. janúar 2013

stofu 262, Borgum, kl. 12.30 - 15

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs, í símasambandi

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

Sigrún Stefánsdóttir formaður stjórnar rannsóknasjóðs HA

Rektor setti fund og kynnti dagskrá. Bauð hann nýja háskólaráðsfulltrúa velkomna.

1. Fundargerðir 324. og 325. funda, mál til kynningar

"[málsnúmer]"

Fundargerðirnar voru samþykktar.

- Rektor sagði frá því að stofnaður hefur verið starfshópur til að hugleiða möguleika á námsframboði undir formerkjum norðurslóðafræða við öll fræðasvið háskólans. Fyrirmynd að slíku námi er Polar Law. Hópurinn hefur lagt fram fyrstu hugmyndir sem rektor kynnti.
- Tillaga að veitingu doktorsnafnbótar í heiðursskyni við HA mun verða tekin fyrir á næsta háskólaráðsfundi.

HLG
HEA
S.A.
HA
SAS

- Árið 2010 samþykktu menntamálayfirvöld að allir opinberu háskólarnir skyldu taka upp samræmt upplýsingakerfi, Ugluna. Innleiðing Uglu í HA hefur gengið stíðlega sem að hluta til stafar af því að HA leggur áherslu á að halda áfram sínum vinnubrögðum, sem kallar á meiri forritun af hálfu Reiknistofnunar HÍ. Stefnt er að því að Uglan þjóni nemendum og kennurum að fullu frá og með hausti 2013.
- Umhverfissráð HA undirbýr Grænfánaviðurkenningu Landverndar á þessu ári.
- Gæðaráð hefur samþykkt að taka upp notkun Turnitin forritsins fyrir lokaverkefni í vor.

Kennarar munu fá fræðslu um notkun Turnitin sem á að verða hluti af verkferli við vinnslu lokaverkefna nemenda.

2. Rekstraráætlun 2013

1211011

Rekstraráætlun var lögð fram í háskólaráði í desember og kynnt ítarlega. Henni er nú lokið í samræmi við samþykkt fundarins í desember. Rekstraráætlun gerir ráð rekstrarafgangi upp á 9,7 mkr. Uppsafnaður rekstrarhalli í árslok verður þá kominn niður í 10-15 mkr. en var árið 2006 um 340 mkr.

Hagræðingaraðgerðir á viðskipta- og raunvísindasviði koma til skila að fullu á árinu, og fjármagn til rannsóknamissera er tvöfaldað frá 2012. Umræða varð um leigu háskólans á húsnæðinu á Borgum.

Háskólaráð þakkaði Ólafi og Úlfari Haukssyni fyrir vel unnið verk við gerð rekstraráætlunar og fór Ólafur af fundinum.

3. Aðgerðaáætlun 2013

1211012

Rektor kynnti aðgerðaáætlun HA 2013 og var hún samþykkt. Rektor var falið að ganga frá áætluninni í samræmi við umræðu á fundinum.

Í upphafi árs 2014 verður farið yfir stöðu verkefna á aðgerðaáætlun.

TK:JA
HES
HEA

Til umræðu kom hvaða réttindi nemendur HA hafa, sem eru búsettir hér en hafa ekki íslensku sem móðurmál. Rektor sagði að starfshópur um námsframboð á ensku myndi fjalla um það meðal annars.

4. Dómnefndarálit, Sigrún Sveinbjörnsdóttir

1209023

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Kynnti hann dómnefndarálit um hæfi Sigrúnar til að hljóta framgang dósent-prófessor. Dómnefndin metur Sigrúnu hæfa til að hljóta framganginn.

5. Dómnefndarálit, Kristín Dýrfjörð

1209022

Bragi kynnti dómnefndarálit um hæfi Kristínar til að hljóta framgang lektor-dósent. Dómnefndin metur Kristínu hæfa til að hljóta framganginn. Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum.

Háskólaráð staðfesti einróma niðurstöðu dómnefndar um hæfi Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur og Kristínar Dýrfjörð til að hljóta framgang.

6. Norðurslóðanet Íslands, kynning

1212002

Rektor kynnti Skipulagskrá fyrir Norðurslóðanet Íslands – þjónustumiðstöð norðurslóðamála ses, (skammst. IACN) og drög að samningi milli IACN og utanríkisráðuneytis. Verkefnið er fjármagnað til þriggja ára gegnum sóknaráætlun ríkisins Ísland 20/20 og fer fjárveitingin, alls um 60 mkr., um utanríkisráðuneytið. Eyþing átti frumkvæði að verkefninu með því að sækja um fjármagn og er einn þriggja aðila sem tilefna í stjórn IACN (Halldór Jóhannsson, Arctic Portal). Hinir tveir eru HA (rektor) og Samstarfsnefnd um norðurslóðir (Þorsteinn Gunnarsson).

Hlutverk Norðurslóðanets er að örva samstarf allra aðila sem þegar vinna að norðurslóðamálum. Forstöðumaður IACN verður Embla Eir Oddsdóttir og skrifstofa hennar verður á Borgum.

HA
K.A.
HA
HEA
ES

Fundarmenn lýstu áhuga á verkefninu. Fram kom að með því sköpuðust nýir möguleikar á samstarfi um námsframboð í norðurslóðafræðum milli HA og erlendra háskóla.

7. Úthlutun úr rannsóknasjóði

1302051

Sigrún Stefánsdóttir formaður stjórnar rannsóknasjóðs kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Gerði hún grein fyrir fjölda umsókna og hlutfalli eftir fræðasviðum og kynjum. Umsóknir sem bárust voru 32, alls sótt um 39.841 mkr. Lagt er til að 19 verkefni verði styrkt, samtals um kr. 14.000.000. Úthlutað er hlutfallslega jafnt til karla og kvenna, 55% af innkomnum umsóknum til beggja kynja.

Háskólaráð staðfesti úthlutunina. Rektor þakkaði Sigrúnu fyrir og fór hún af fundinum.

8. Úthlutun rannsóknamissera 2013-2014

1302051

Rektor skýrði út ákvæði reglna um rannsóknamisseri við HA nr. 355/2012, sem lúta að forgagnsröðun umsókna. Rannsóknamisseranefnd hefur forgangsraðað umsóknum í samræmi við ofangreindar reglur. Fjöldi rannsóknamissera sem unnt er að veita takmarkast síðan af því fjármagni sem til ráðstöfunar er.

Háskólaráð samþykkti að fylgja forgagnsröðuninni og heimilaði að rektor lyki við úthlutun rannsóknamissera í samræmi við IV grein reglnanna og það fjármagn sem er til ráðstöfunar.

9. Önnur mál

Rætt var um að fara í skoðunarferð um húsakynni háskólans á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.

Kristín Astgeirsdóttir
Hjálfrún Ólafsson
Hilfars Erla Asbjarnardóttir
Hanna Gunnarsson
S. A. R.